

Starfsáætlun Heilsuleikskólans Laufás 2024-2025



Heilsuleikskólinn Laufás Hlíðargata 1, 470 Þingeyri. Ísafjarðarbær

Efnisyfirlit

Leikskóla dagatal.....	3
Leikskóla dagatal 2024-2025	3
Linkur á heimsíðu Laufás þar sem finna má dagatalið:	
https://laufas.isafjordur.is/um_leikskolann/aaetlanir_og_skyrslur/flokkur/4/	3
Hagnýtar upplýsingar um skólahald	3
Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar.....	4
Skólareglur	5
Reglur um veikindi	5
Foreldrasamstarf	6
Upplýsingar um stoðþjónustu.....	7
Stefna leikskólans	7
Leikur.....	8
Heilsustefnan	9
Hreyfing	9
Listsköpun	10
Næring.....	10
Jákvæð samskipti og virðing	10
Náttúra, umhverfi og sjálfbærni.....	11
Útivera / Útinám	12
Menning og samfélag	12
Læsi í leikskólanum - Stillum saman strengi	13
Nám án aðgreiningar –sérkennsla.....	14
Starf með elsta árganginum	14
Starfsáætlun skólaárið 2024-2025, markmið.....	16
Brúum bilið - Samstarf Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri	19
Dægradvöl.....	20
Starfsmannstefna	20
Endur og símenntunaráætlun	21
Mat á leikskólanum	22
Innra mat.....	22

Ytra mat	23
Sjálfsmatsskýrsla - Umbótaráætlun samkvæmt innra og ytra mati.....	23
Foreldrakönnun fyrir skólaárið 2023-2024.....	23
Áætlanir	24
Eineltisáætlun	24
Skilgreining á einelti.....	24
Vinnureglur ef upp kemur einelti	25
Fyrirbyggjandi aðgerðir.....	25
Kynning og endurskoðun.....	25
Forvarnaráætlun.....	25
Jafnréttisáætlun.....	26
Leik- og grunnskólar	27
Rýmingar áætlun.....	27
Áfallaáætlun.....	27
Áætlun um hvað skuli gera ef slys í leikskólanum.....	28
Slysaskráning.....	29
Móttökuáætlun nýrra barna - Aðlögun	29
Móttökuáætlun nýrra starfsmanna	30

Leikskóla dagatal 2024-2025

Samband íslenskra
veitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: Laufás

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 Þ	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 M	6 S	6 M	6 F	6 M	6 Þ	6 Þ	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 S	8 Þ	8 Þ
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 Þ	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S
14 S	14 M	14 F	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M
15 M	15 S	15 Þ	15 S	15 M	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 S	15 Þ	15 Þ
16 F	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F
18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 S	18 M	18 F	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ	20 M	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 S	22 M	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 S	22 Þ	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 Þ	25 S	25 M	25 F	25 F
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 M	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 S	29 M	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 M	29 Þ
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 M		31 L		31 F

Linkur á heimsíðu Laufás þar sem finna má dagatalið:

https://laufas.isafjordur.is/um_leikskolann/aaetlanir_og_skyrslur/flokkur/4/

Hagnýtar upplýsingar um skólahald

Laufás er opinn alla virka daga frá kl. 7:45 til kl. 16:00 og hann er einsetinn leikskóli.

Dagskipulagið á Laufási er í stórum dráttum eftirfarandi:

07:45	Leikskólinn opnar
07:45 – 08:30	Frjáls leikur eða borðvinna t.d. spil/púsl
08:30 – 09:00	Morgunmatur
09:00 – 10:00	Samverustund í hópum og ávaxtastund
10:00 – 11:30	Hópatímar/útivera
11:30-12:00	Bókastund
12:00 – 12:30	Hádegismatur
12.30 – 13.30	Hvöld hjá 1 – 3 ára börnum/
12:30 – 13:00	Sögustund hjá börnum eldri en 3. ára
13:00 – 14:00	Frjáls leikur
14:00 – 15:00	Útivera
15:00 – 15:30	Síðdegishressing
15:30 – 16:00	Leikur eða borðvinna púsl/spil/perlur.

Fjöldi deilda og nemenda

Á Laufási eru starfræktar tvær deildir og börnum skipt á þær eftir aldri. Boðið er upp á 4 – 8,5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára. Í leikskólanum er einnig dægradvöl fyrir fyrsta og annan bekk.

Fjöldi kennara og stöðugildi

Leikskólastjóri sem er með grunndiplómu í leikskólakennarafræði stýrir leikskólanum. Einn leikskólakennari starfar við leikskólann og annar starfsmaður með uppeldismenntun, tveir leiðbeinendur og einn leikskólaliði. Það starfar einnig við leikskólann matráður sem eldar bæði fyrir leik- og grunnskólann. Einn starfsmaður sér um þrif utan opnunartíma leikskólans.

Námskeiðsdagur, starfsdagar og starfsfundir

Á skólaárinu 2024-2025 verður námskeiðsdagur, starfsdagar og starfsfundir eins og tilgreint er í eftirfarandi töflu en einnig eru þessir dagar tilgreindir í skóladagatali sem má finna á heimasíðu leikskólans.

Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar

Dagsetningar	Námskeið, starfsdagar og fundir	
6. ágúst	Starfsmannafundur	Leikskólinn opnar 11:00
20. september	Námskeiðsdagur	Leikskólinn lokaður
22. október	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
20. nóvember	Starfsmannafundur	Leikskólinn lokar klukkan 12:00
20. desember	Starfsmannafundur	Leikskólinn lokar 14:00
3. janúar	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
27. janúar	Starfsmannafundur	Leikskólinn opnar 10:00
24. febrúar	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
10. mars	Starfsmannafundur	Leikskólinn lokar 13:00

11. apríl	Starfsmannafundur	Leikskólinn lokar 14:00
2. maí	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
26. maí	Starfsmannafundur	Leikskólinn opnar 10:00
2. júní	Starfsmannafundur	Leikskólinn opnar klukkan 10:00

Skólareglur

Mætingar barna

Þegar barn kemur í leikskólann er mikilvægt að því sé fylgt inn á deild til starfsmanna. Þegar barnið er sótt þarf einnig að láta starfsfólk vita. Mikilvægt er að tilkynna veikindi barns og láta vita ef barn er í fríi og hversu lengi það verður í fríinu.

Vinnutími starfsmanna er alltaf skipulagður með tilliti til dvalartíma barnanna. Foreldrar hafa nokkrar mínútur til umráða við komu og þegar að barnið er sótt. Mikilvægt er að virða þann tíma og misnota hann ekki. Ef foreldrar eru ekki komnir, þegar 10 mínútur eru liðnar frá því að umsaminn vistunartími er útrunninn, er hringt heim. Foreldrum er gert að greiða aukagjald ef börnin koma of snemma eða þau eru sótt of seint.

Ekki er hægt að setja ströng skilyrði um mætingu barns í leikskóla, en öll vinsamleg tilmæli eru sjálfsögð. Eins og áður segir hérna fyrir ofan að það sé ekki hægt að setja ströng skilyrði um mætingu barna í leikskólann þá er gott fyrir foreldra að hafa í huga að með tillit til starfsins sem fer fram í leikskólanum að það sé gott að börn komi ekki mikið seinna en klukkan 10:00.

Reglur um veikindi

Almenna reglan er sú að barn er heima þegar það er veikt og með hita því starfsemi leikskóla tekur mið af því að barnið geti tekið fullan þátt í leik og starfi bæði úti og inni. Þegar barn veikist í leikskólanum er hringt í foreldra og þeir beðnir um að sækja barnið. Þegar barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda er mikilvægt að foreldrar hringi í leikskólann og tilkynni veikindin eða tilkynni eftir öðrum leiðum (Karellen t.d.). Eftir veikindi getur barnið fengið að vera inni í 1 - 2 daga. Ekki er hægt að fá að vera inni til að fyrirbyggja veikindi. Barn getur verið veikt eða liðið illa þó að það sé ekki með hita.

Lyfjagjafir

Til að tryggja öryggi barnanna gefur starfsfólk leikskólans börnum ekki lyf sem þau hafa fengið á vísað frá lækni. Ef barnið þarf á lyfjum að halda á leikskólatíma þá koma foreldrar í skólann og gefa lyfið. Í undantekningar tilvikum er börnum gefin lífsnauðsynleg lyf s.s. astma, ofnæmislyf og/eða neyðarlyf og þá þarf að skila inn læknisvottorði og skriflegum fyrirmælum um lyfjagjöfina frá lækni. Ef barn hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða einhvers annars sem krefst sérstakrar meðferðar, skal skila vottorði því til staðfestingar. Endurnýja þarf læknisvottorð á ársgrundvelli.

Foreldrasamstarf

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir ánægjulegri dvöl barnsins í leikskólanum og góðri líðan. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er ekki ætlað að koma í stað þess.

Samvinna milli foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum við báða foreldra/forráðamenn. Markmið foreldrasamstarfs er að foreldrar fái sem bestar upplýsingar um þroska og stöðu barnsins í leikskólanum, stuðli að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, auki samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og veiti foreldrum upplýsingar um starfsemi skólans.

Markmið foreldrasamstarfsins

Markmið foreldrasamstarfsins er að eiga gott og náið samstarf við foreldra barna á Laufási og hlusta á óskir þeirra og skoðanir.

Foreldrafundir

Foreldrafundur er haldin að hausti. Markmið fundarins er að kynna fyrir foreldrum helstu áherslatriði í vetrarstarfinu, hittast og virkja foreldrafélagið.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og einnig þegar barn byrjar á leikskólanum. Ef foreldrar óska eftir viðtali á öðrum tímum eða oftár er það velkomið. Foreldraviðtöl á næsta skólaári fara fram í nóvember og mars.

Foreldraráð/foreldrafélag.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð en heimilt er fyrir fámenna skóla að hafa sömu stjórn í foreldraráði og foreldrafélagi. Þannig er það á Laufási og í foreldraráði/félagi hafa setið þrír fulltrúar foreldrar sem hafa gengt hlutverkum formanns, ritara og gjaldkera. Starfsemi foreldrafélagsins lá niðri vegna covid19 í tvö ár. Í haust verður aðal fundur foreldrar félagsins og m.a. er á dagskrá að velja nýja stjórn.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Upplýsingar um stoðþjónustu

Skóla- og tómstundasvið

Ísafjarðarbæjar http://www.isafjordur.is/fjolskyldan/skolathjonusta_isafjardarbaejar/Skolathjonusta_Isafjardarbaejar

Hlutverk skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar er rekstrar og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Í því felst m.a. að veita grunn- og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf.

Skólaþjónustan veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu: einstaklingsþjónusta - greining og úrræði t.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunar vandamála. Viðtalstími er á opnunartíma skrifstofu nema annað sé tekið fram og síminn er 450 8000.

Foreldrar geta leitað til ráðgjafa skóladeildar með vandamál tengd skólagöngu barns sem upp koma, hvort sem um er að ræða námsárangur, hegðun, eða líðan í skólanum.

Stjórnskipulag skólamála

Fræðslunefnd er skipuð 5 fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra í Ísafjarðarbæ eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu sveitarfélagsins í skólamálum, fylgjast með og stuðla að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum.

Stefna leikskólans

Á Laufási er unnið eftir áherslum í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, skólastefnu

Ísafjarðarbæjar þar sem grunngildin eru *virðing, ábyrgð, metnaður og gleði*. Laufás varð formlega Heilsuleikskóli 29. september 2008 og vinnur eftir heilsustefnunni með það að markmiði að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu, holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi. Á þessum grunni byggir skólanámskrá Laufáss sem finna má á vefslóðinni:

http://laufas.isafjordur.is/um_leikskolann/aaetlanir_og_skyrslur/skra/23/. Í skólanámskrá er að finna stefnu og starfsmarkmið leikskólans en hér á eftir verður stiklað á því helsta um stefnu og starfsmarkmið.

Snemmtæk íhlutun

Veturinn 2022 fór Ísafjarðarbær af stað með verkefnið snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna. Við í leikskólanum Laufási fengum boð ásamt öðrum leikskólum í Ísafjarðarbæj um að taka þátt í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun í málþroska leikskólabarna- undirbúningur fyrir lestur árið 2021 því var fylgt eftir með sameiginlegum starfsdegi 18. febrúar 2022. Verkefnið leiðir Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur og tilgangur þess er að stuðla að snemmtækri íhlutun varðandi eflingu málþroska og undirbúning fyrir lestur leikskólabarna. Verkefnið leiðir einnig Halldóra Guðlaug verkefnastjóri.

Lagt var upp með að hver leikskóli gerði handbók sem rammaði inn þessa þætti ásamt því að taka mið af sérstöðu hvers og eins leikskóla út frá hugmyndafræði og skólanámskrá hvers skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Handbókin var tilbúinn í vor og verður kynnt foreldrum á haustfundi. Handbókin er í stöðugri þróun eins og leikskólastarfið allt og verður endurskoðuð á hverju hausti. Handbókin fjallar m.a. um helstu þætti málörvunar, málörvunarstarf leikskólans og málörvunarefni sem notast er við. Í þessari vinnu sem fór af stað skrifaði Guðrún Birgisdóttir skóla- og sérkennslufulltrúi skóla og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar handbók um matstæki og verkferla í snemmtækri íhlutun hjá Ísafjarðarbæ sem leiðbeinir leikskólunum í þessari mikilvægu vinnu.

Starfsemi leikskólans Laufás tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011), skólanámskrá og lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar sem er rekstraraðili leikskólans. Skóla og tómstundasvið sér um faglega umsjón og sjá starfsmenn Skóla- og tómstundasviðs um ráðgjöf, greiningu og stuðning vegna sérparfa.

Markmið leikskólans er að börnunum líði vel og nái að taka út þroska í fjölbreyttu umhverfi leikskólans og njóti þess margvíslega efniviðar og námsgagna sem leikskólinn býður upp á.

Leikur

Einkunnarorð Laufáss eru [Það er leikur að læra](#) og með því er lögð áhersla á að barnsæskan sé ævintýri sem skemmtilegt er að taka þátt í. Í bernsku felur leikur í sér nám, af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Lögð er áhersla á leikinn í allri sinni fjölbreyttu mynd og hann settur í öndvegi og lítið er á hann sem námsleið barna. Leikur er því hornsteinn leikskólastarfsins og er honum ætlaður góður tími í umhverfi sem hvetur börn til sjálfsnáms gegnum leik.

Heilsustefnan

Markmið heilsuleikskóla skal vera að stuðla að heilsueflingu leikskólasamfélagsins með áherslu á *næringu, hreyfingu og listsköpun í leik*. Öll börn ættu að alast upp við að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi. Skilgreining á heilsu er að hún feli í sér líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Í heilsuleikskóla er heilsuefling höfð að leiðarljósi í einu og öllu í þeirri trú að unnt sé að vinna að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barna með því að efla líkams-, hreyfi-, tilfinninga-, vitsmuna-, félags-, og siðgæðis þroska ásamt sköpunargáfu. Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar.

Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en holl næring, góð hreyfing og gleði í listsköpun er ávallt aðals merki þeirra.

Hreyfing

Hreyfing er undirstaða alls þroska og börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er ein af tjáningarleiðum barnsins og hreyfigeta þess og færni hefur mikil áhrif á aðra þroska þætti. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, snerpu og þol og barnið lærir að skynja líkama sinn og nær betur stjórn á hreyfingum sínum. Í hreyfileikjum öðlast barnið skilning á styrk sínum og getu, fær útrás fyrir hreyfiþörf og sjálfstraust þess eykst. Í hreyfileikjum lærir barnið einnig að vega og meta aðstæður um leið og það lærir að velja, hafna og þora. Í hreyfileikjum lærir barnið að virða reglur og fara eftir fyrirmælum. Með markvissri hreyfipjálfun eykst jafnvægi og samhæfing og barnið verður öruggara. Í gegnum hreyfingu þjálfast barnið í ýmsum stöðuhugtökum, rými, fjarlægð og áttum.

Markmið hreyfingar eru:

- að barnið njóti þeirrar gleði sem hreyfingin veitir
- að efla alhliða þroska barnsins
- að barnið fái útrás fyrir hreyfiþörf sína í fjölbreyttu umhverfi
- að auka úthald, einbeitingu og styrk barnsins

Á Laufási er markvisst unnið með hreyfingu. Skipulögð hreyfing fer m.a. fram í hreyfistundum einu sinni í viku í íþróttahúsinu og farið er einnig í útinám einu sinni í viku. Þar fyrir utan eru hreyfistundir í hópastarfi og lögð er áhersla á útiveru. Áherslupættir hreyfingar tengjast m.a. þeim matsþáttum sem skoðaðir eru í heilsubók barnsins. Lögð er áhersla á fjölbreytt hreyfinám sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifi þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim. Útinám er einnig stór liður í hreyfingu og þoli barna, markvisst er farið í útinám einu sinni í viku með þriggja ára og eldri. Þau ganga hér um allt á milli fjalls og fjöru og eru að kanna umhverfið og það sem það býður uppá í sinni

fjölbreyttustu mynd. Inn í hreyfinámið fléttast jóga og slökun sem er mikilvægur þáttur í lífi barna sem alast upp á 21. öldinni. Boðið er upp á sundnámskeið fyrir 5 ára börnin, sirka 6 skipti eftir áramót.

Listsköpun

Á Laufási er listsköpun stór þáttur í daglegri vinnu barnsins þar sem hvatning og jákvæðni kennara skiptir miklu máli. Lögð er áhersla á sjálfstæða myndsköpun þar sem þroski og upplifun barna fær að njóta sín óháð verkum annarra. Meiri áhersla er lögð á sköpunarferlið heldur en á útkomuna. Viðfangsefnin eiga að hæfa þroska og getu hvers og eins barns og þeim er boðið upp á fjölbreyttan efnivið og fá að kynnst ýmiss konar efnum, kanna eðli þeirra og gera tilraunir. Lögð er áhersla á að börnin þjálfist í að vinna við fjölbreyttar aðstæður, s.s. á maganum á gólfi, við borð og t.d. við trönur. Leggjum við á Laufási mikla áherslu á börnin geri eins mikið og þau geta sjálf og stjórni ferlinu svo að útkoman verður þeirra verk.

Öll verk barnanna eru merkt með nafni þeirra og dagsetningu.

Markmið listsköpunar er:

- Að efla frjálsa og sjálfstæða myndsköpun barna
- Að gefa börnunum tækifæri til að efla sköpunargleði sína og hugmyndaflug í vinnu þar sem boðið er upp á fjölbreyttar aðferðir og efnivið
- Að kenna börnunum sjálfstæð vinnubrögð

Leiðir að markmiðum eru að bjóða upp á fjölbreytta listsköpun í val tímum, frjálsum leik og hópastarfi.

Næring

Á Laufási er stuðlað að góðum matarvenjum og hollustu. Þess er gætt að hafa fæðið sem fjölbreytilegast og nota sem minnst af sykri og salti. Vatn er aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn. Lítið er keypt af unnum kjötvörum og brauð eru oftast bökuð á staðnum. Fylgt er eftir ráðleggingum manneldisráðs varðandi matseld. Lýðheilsu og heilsueflandi markmið höfð að leiðarljósi.

Jákvæð samskipti og virðing

Þetta er gegnumgangandi þráður á Laufási í öllu starfi sem fram fer. Mikilvægt er að skilningurinn um að engin sé eins og að allir séu jafn mikilvægir einstaklingar í samfélaginu. Kurteisi kostar ekkert, virðing og jákvæð samskipti lærist jafn auðveldlega og andstæðan, hvort viljum við frekar? Hvernig vil ég vera?. Kennarar leggja sig fram að sýna gott fordæmi með jákvæðum samskiptum.

Markmið og leiðir:

- Að stuðla að því að hvert barn fái að njóta sín betur í leikskólanum sem einstaklingur og í hóp.
- Að styrkja samkennd og samvinnu barnanna.
- Að efla virðingu barnanna fyrir hvort öðru, fyrir umhverfi sínu, reglum og umgengni.
- Að auka víðsýni barnanna.
- Að hvetja börnin til hjálpssemi hvert við annað.
- Við höfum verið að vinna með í nokkur ár vináttu verkefni barna heilla sem byggir á bangsanum Blæ sem hvetur til vináttu og að allir eru jafningjar.

Náttúra, umhverfi og sjálfbærni

Kynni barnsins við náttúruna eru þýðingarmikil fyrir þroska þess, því á barnið að fá gott tækifæri til að kynnast náttúrunni og umhverfinu á fjölbreyttan hátt með daglegri útiveru, gönguferðum og ferðum í sveit og fjöru. Á þann hátt lærir barnið að kynnast landinu sínu og það getur notað upplifun/reynslu sína í leik og myndsköpun.

Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnsins fyrir náttúrunni, náttúruvernd og því er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni, veðrinu og árstíðum. Lögð er áhersla á að barnið fái tækifæri til að sula í vatni, róta í mold og sandi. Mikilvægt er að barnið njóti snertingar við náttúruna og safni sjálft þeim efnivið sem notaður er í skapandi starfi í vettvangsferðum.

- að víkka sjóndeildarhring
- að kynnast menningu og listum
- að tengjast nánasta samfélagi sínu
- að kynnast nánasta umhverfi og náttúru.

Barnið fer í vettvangsferðir með kennurum sínum og tengjast þær gjarnan því námsefni eða þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Vettvangsferð út í náttúruna, heimsókn á vinnustað eða í þjónustufyrirtæki gefur barninu reynslu sem hægt er að vinna úr, t.d. í skapandi starfi og málörvun. Þetta er hluti af menningu og samfélagsnámi barnanna.

Markmið með náttúruskoðun í leikskólanum er:

- Að opna augu barnsins fyrir fegurð náttúrunnar, læri að bera virðingu fyrir henni og hvernig best er að ganga um umhverfið okkar.
- Að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu.
- Að barnið beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.

- Að vekja áhuga barnsins á dýrum og skordýrum.
- Að vekja áhuga barnsins á gróðri í nánasta umhverfi.
- Að barnið öðlist þekkingu á fjölbreytileika hennar t.d. árstíðum og veðurfyrirbærum.
- Að barnið kynnist fjölbreytni náttúrunnar.
- Núvitund.

Leiðir að markmiðum eru:

- Að vekja áhuga barnsins á því sem fyrir augu ber.
- Að fara í gönguferðir um nágrennið.
- Að hvetja barnið til að beita öllum skilningarvitum í athugun sinni á náttúrunni.
- Að nota veggstöflur til athugunar á veðri og árstíðum.
- Að ræða við börnin um hvernig við göngum um umhverfið, hendum ekki rusli og svo framvegis.

Þættir sem unnið er með og tengjast náttúru, umhverfi og sjálfbærni eru; endurvinnsla, pappírsgerð, flokka og skila sorpi. Skoða skordýr, dýr, fugla, fiska og nær umhverfið. Týna blóm, pressa og þurrka.

Útivera / Útinám

Á Laufási er lögð áhersla á mikla útivist. Laufás vinnur markvisst með útinám allt árið um kring. Öll börn eldri en þriggja ára fara í útinám einu sinni í viku og hafa með sér verkefni til að vinna. Yngri börnin fara líka en ekki eins oft og fer það meira eftir veðri. Við höfum stuðst við bókina "Allir út í náttúruna" eftir Önnu Gínu Aagestad og Júlíönnu Vilhjálmsdóttur við stefnumótun og framkvæmd útináms.

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Í útiverunni leika börnin sér mest frjálst, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki. En einnig er útiveran notuð í menningar-, vettvangs- og náttúruskoðunarferðir.

Markmið:

- Að efla alhliða þroska
- Að auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol.
- Að upplifa fjölbreytt og skemmtilegt nám í náttúrunni.

Menning og samfélag

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu

samfélagsins, t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði og farið er í ýmsa gamla leiki. Barnið þarf smám saman að kynnst því samfélagi sem það lifir í og menningu þess út frá eigin þroska og áhuga. Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði og ber hverjum leikskóla að taka tillit til þess í öllu starfi.

Á Laufási hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun lífgar upp á tilveruna. Hluti af menningu Íslendinga er t.d. Þorrablót og ýmsar aðrar hefðir t.d. kringum jól og páska.

Flaggstöng er á leikskólanum og á fánadögum gefst tækifæri til að fjalla um íslenska fánann - tákn fullveldis þjóðarinnar. Áhersla er lögð á að kenna barninu að umgangast íslenska fánann með virðingu og hafa í heiðri þær reglur sem gilda um notkun hans. Aðra daga flöggum við fána heilsuleikskólanna.

Hefð er fyrir því að elstu börnin á leikskólanum (skólahópurinn) byrjar að kynnst meira skóla samfélaginu síðast leikskóla veturinn sinn, til að undirbúa þau fyrir skólagönguna ári síðar. Vinna Laufás og Grunnskólinn á Þingeyri saman eftir áætlun sem kallast brúum bilið.

Markmið og leiðir

- Að barnið kynnist ólíkum fjölskyldugerðum og ólíkum menningarheimum.
- Að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu og því samfélagi sem það elst upp í.
- Að barnið kynnist hinum ýmsu hátíðum og hefðum í íslensku þjóðlífi
- Lestur bóka þar sem skoða má mismunandi menningarheima og samfélög.
- Vettvangsferðir þar sem nánasta umhverfi er skoðað. Umræður í okkar daglega starfi og söngstundir.
- Heimsóknir á hina ýmsu staði.
- Hefðir og hátíðir.
- Brúum bilið áætlun.

Læsi í leikskólanum - Stillum saman strengi

Leikskólinn er ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Ísafjarðarbæ að vinna að verkefni sem ber yfirskriftina „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í víðum skilningi sem ætlað er að vera grunnur læsis náms ásamt því að leggja markvisst grunn að stærðfræðinámi. Á Laufási er unnið markvisst að því að efla læsi með markvissri málörvun hvort sem um er að ræða frjálsan leik, almenn samskipti eða samveru- og sögustundir. Unnið er markvisst með málörvun daglega.

Markmiðið er að:

- Að auka við málskilning
- Að auka við orðaforða og örva framburð sem er mjög mikilvægt ferli hvað varðar lestrargetu og lesskilning barnsins í framtíðinni.
- Nota leiðir í daglífi til að efla hugtakaskilning í stærðfræði (para saman, telja, spila og flokka).
- Leika með form og tölur.

Leiðir að markmiðum:

Farið er í leiki í litlum hópum og unnið með þætti eins og rím og þulur, hlustunar- og athyglisleiki, orð og setningar. Unnið er með efni úr Markvissri *málörvun*, *Tölum saman* og *fjölbreyttar kennsluaðferðir* á skipulegan hátt og tvö smáforrit sem eru aðgengileg í spjaldtölvum leikskólans sem heita *Bitboard* og *Orðagull*. Lesið er fyrir börnin og sagðar sögur og notuð eru spil og annað það efni sem aðgengilegt er fyrir leikskólabörn og tengist læsi. Í þessari vinnu er tekið tilliti til aldurs og þroska barnanna og að námið fari fram í leik.

Til að verða meðvitaðri um tölur og form og önnur hugtök í stærðfræði sem eru grunnur að stærðfræði áhuga og menntun höfum við verið að vinna með í nokkur ár matsform sem heitir MIO. Matsformið heldur utan um þennan mikilvæga þátt í leikskólastarfinu og gerir starfsfólk meðvitaðra og opnara fyrir nýjum leikjum og verkefnum. Vinnan verður einstaklingsmiðuð sem eykur líkur á áhuga barnanna. Spil, spjaldtölvur og annað efni sem kennarar búa til eða skólinn útvegar er notað í leikjum um stærðfræði. Ávallt skal hugað að aldri og að kenna í gegnum leik.

Nám án aðgreiningar –sérkennsla

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólastefnu, sem felst í því að veita börnum með sérþarfir sem mestan stuðning inni á deild eða í litlum hópum. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við framburðarferðileika eða þá að barnið eigi mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp. Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur börn og að þau séu eins virkir þátttakendur innan barnahópsins eins og kostur er.

Starf með elsta árganginum

Það má segja að gerðar séu meiri kröfur til elstu barnanna í leikskólastarfinu, t.d. hvað varðar að vanda verk sín og fullvinna þau. Einnig aukast kröfur um raunverulega samvinnu og að

hópurinn leysi sjálfur úr ýmsum vandamálum og finni niðurstöður sem þau eru sátt við. Með þessu teljum við einnig að við séum að gefa þeim verkfæri sem munu nýtast þeim á næsta skólastigi.

Markmið og leiðir:

- Að efla félags þroska með því að vinna saman í hóp þannig að börnin læra að taka tillit til hvers annars.
- Að efla undirstöðuatriði fyrir lestrar og stærðfræðinám s.s. sjón, minni, greind, mál, tilfinninga-, líkams-, og hreyfi þroska með ýmsum verkefnum.
- Að efla sjálfsmynd og sjálfstraust, börnin læra að vera sátt við eigið sjálf og geti komið fram fyrir stóra og litla hópa.
- Að efla hugmyndaflug og sköpunargetu, með því að börnin fái örvun og tækifæri til að koma fram með hugmyndir og útfæra á fjölbreyttan hátt.

Í tengslum við starf með elsta árgangi leikskólans er lögð áhersla á að börnin læri þætti sem tengjast stærðfræði með það að markmiði að 5-6 ára börn geti:

- Unnið með tölustafi, magn og hugtök
- Barnið skrifi tölustafi, lögð áhersla á 1-10
- Barnið kynnist formum - hringur, þríhyrningur, ferningur og ferhyrningur
- Að þjálfra rökhugsun
- Barnið geti sagt heimilisfangið sitt
- Barnið kunni símanúmerið sitt
- Barnið viti afmælisdaginn sinn
- Barnið þekki formin, hring, ferhyrning þríhyrning
- Flokkar hluti eftir lit og lögun
- Flokka hluti eftir stærð og þyngd
- Geti talið upp í 50
- Þekkja fjölda frá 1 -10
- Kann vikudagana og mánuðina
- Skilur meira, minna og jafnt
- Skilur við hliðina, fyrir framan, aftan
- Unnið með mælieiningar

Leiðir að settum markmiðum í stærðfræði eru:

- Könnunaraðferðir í hópastarfi
- Heimspækilegar samræður
- Ýmis stærðfræðispil / leikir

- Einingakubbar,
- Kaplakubbar
- Legó
- Holukubbar
- Tölutáknin sýnileg
- Formin sýnileg
- Ýmiss verkefni og spil sem reyna á talningu og samlagningu
- Vera meðvituð að nota öll tækifæri í daglegu starfi til stærðfræðikennslu
- Para saman og gera mynstur

Hvernig sést þetta í skipulagi skólans:

- Stærðfræði hugtök æfð í leik og starfi
- Útikennsla 2-3 klst. á viku.
- Í frjálsum leik
- Tölur og form sýnileg í leikskólanum.

Starfsáætlun skólaárið 2024-2025, markmið

Eldri hópur- bátahópur

Núna í haust Skólaárið 2024 hafa krakkarnir verið að velja sér þema til að vinna með þetta skóla árið. Okkur finnst mikilvægt að börnin fái að koma með sínar hugmyndir að viðfangsefnum og verkefnum. Margar hugmyndir komu fram. Kosið var í lokin á milli tveggja hugmynda sem voru bátar og dýr. Bátar fengu fleiri atkvæði í lýðræðislegri kosningu svo unnið verður með þá sem þema núna í haust. Þemað í vetur út frá þessari niðurstöðu verður sjórinn, fjaran, bátarnir og allt sem tengist sjónum. Við munum svo tengja þetta þema inn á alla námsþætti með teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna. Inn í þetta fléttast svo vinna með nær umhverfið okkar sem eru t.d. heimili barnanna og fjaran. Unnið verður að frekari útfærslu á þemanu á haustmánuðum. Markmiðin eru að:

Að barnið kynnist sjónum og dýralífi hans.

Að barnið þekki helstu sjófuglanna.

Að barnið þekki algengustu fiskanna eins og t.d. þá sem að er algengast að við borðum.

Að barnið fái að skoða mismunandi fiska, báta og fugla.

Að barnið læri heiti helstu sjávar dýra á Íslandi.

Virðing fyrir náttúrunni og umhverfisvernd

Kynna sér fjöruna og dýrlífið sem er á svæðinu. Unnið verður ítarlega með nokkrar tegundir. Börnin velja sjálf dýr til að fræðast ítarlegar um.

Kynna sér mismunandi báta og t.d. hvernig þeir veiða og hvaða fisk. Hvernig bátar veiða ekki fiska heldur hafa önnur hlutverk.

Við munum fara í ferðir og skoða nær umhverfið okkar ítarlega eins og t.d. heimili barnanna, fyrirtæki á Þingeyri og hvað sem grípur áhuga barnanna.

Þær leiðir sem farnar verða til að ná að markmiðunum eru:

Textar/lög sem erum um báta og sjóinn eða tengjast þeim.

Lesi og skoði bækur tengdar bátum, sjónum og fjörunni.

Krakkarnir munu læra lag um Dýrafjörð.

Farið verður í gönguferðir til að skoða það sem finnst í fjörunni og til að skoða bátanna á Þingeyri.

Farið verður til að skoða heimili barnanna hérna á Þingeyri.

Ýmiskonar listsköpun þar sem áhersla er lögð á sjóinn, bátanna og fjörunna.

Unnið úr endur nýtan legu efni.

Krakkarnir munu búa til myndir af húsunum sínum og af bátum.

Yngri hópur – Sílahópur

Í haust hafa yngri krakkarnir hjá okkur verið að finna út hvað þeim langar að fræðast meira um. Við viljum hafa börnin eins mikið með í ákvörðunum og við getum. Það sem kom helst upp hjá krökkunum var áhugi á fiskum og öðrum dýrum af öllum stærðum og gerðum. Dýrin sem verða tekin fyrir fram að áramótum verða fiskar. Til dæmis síli, hárfarlar og þessir helstu fiskar sem að við borðum í leikskólanum t.d. ýsa og þorskur.

Unnið verður með þema um fiskanna og sú vinna verður tengd inn á alla námsþætti að teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna. Unnið verður að frekari útfærslu á þemanu á haustmánuðum. Spilað verður á áhuga barnanna og þau fengu að velja hvaða fiska verður farið dýpra í.

Markmiðin eru að:

Að barnið þekki fiskanna í sjónum í nærumhverfi sínu.

Að barnið þekki helstu matfiskanna.

Að barnið kynnist fjörunni í vettvangsferðum og hvað má þar finna.

Að barnið læri að fiskur er hollur og góður matur og fái að smakka ýmsar sjávar afurðir.

Að barnið lærir helstu heiti algengra fiska og annarra sjávardýra.

Virðing fyrir náttúrunni og umhverfisvernd.

Unnið verður ítarlega með nokkrar fiska tegundir.

Atvinnugreinar í firðinum kynnt.

Ýmiskonar listsköpun þar sem áherslan verður á fiska, t.d. föndrað úr verðlausum efnivið.

Bækur sem verða lesnar í sögustundum verða tengdar við þemað og það sama á við um lög og þulur sem tengjast því á einhvern hátt. Farið verður í vettvangsferðir þar sem þemað verður tengt útinámi og farið t.d. í ferðir í fjöruna. Mat verður lagt á framkvæmdina með skráningu. Inn í þemað verður síðan fléttað þáttum sem tengjast grunnstoðum menntunar.

Grunnstoðir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem eru:

- Læsi í víðum skilning
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Unnið hefur verið að því að innleiða læsis stefnu Ísafjarðarbæjar þar sem áhersla er á læsi í víðum skilningi til að efla færni barnanna og verður þeirri vinnu haldið áfram. Aðaláherslan verður lögð á að auka orðaforða og málskilning barnanna með markvissri málörvun í daglegu starfi og leik. Í skóladagatali eru tveir dagar sem eru helgaðir lestri sem við ætlum að nota til að örva áhuga á bókalestri og efla samstarfið við foreldra um þann þátt í læsi. Við munum vera með „Bókaorminn“ en þá skiptast börnin á að hafa með sér 5 bækur sem eru lesnar í lestrarstund á hverjum degi í viku og síðan hafa börnin gert sína eigin sögu í spjaldtölvu með aðstoð mynda úr bókunum.

Áfram verður lögð áhersla á skráningu á starfinu og innra mati til að skoða það sem vel er gert og eins hitt að skoða hvað má gera betur.

Leikskólinn er ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Ísafjarðarbæ að vinna að verkefni sem ber yfirskriftina „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í víðum skilningi sem ætlað er að vera grunnur læsisnáms ásamt því að leggja markvisst grunn að stærðfræðinámi. Á Laufási er unnið markvisst að því að efla læsi með markvissri málörvun hvort sem um er að ræða frjálsan leik, almenn samskipti eða samveru- og sögustundir. Einnig er unnið með markvissa málörvun daglega. Markmið þessa verkefnis er að:

- Að auka við málskilning
- Að auka við orðaforða og örva framburð sem er mjög mikilvægt ferli hvað varðar lestrargetu og lesskilning barnsins í framtíðinni.

- Nota leiðir í daglífi til að efla hugtakaskilning í stærðfræði (para saman, telja og flokka).
- Leika með form og tölur.

Almenn ánægja hefur verið með þessa vinnu, og hafa verið góðar framfarir meðal barnanna. Bækur sem verða lesnar í sögustundum verða tengdar við þemað og það sama á við um lög og þulur sem tengjast því á einhvern hátt. Farið verður í vettvangsferðir þar sem þemað verður tengt útinámi. Mat verður lagt á framkvæmdina með skráningu. Inn í þemað verður síðan fléttað þáttum sem tengjast grunnstoðum menntunar. Grunnstoðir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem eru:

- Læsi í víðum skilning
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Áfram verður lögð áhersla á skráningu á starfinu og innra mati til að skoða það sem vel er gert og eins hitt að skoða hvað má gera betur. Einnig verður haldið áfram að vinna að innleiðingu starfsmannastefnu leikskólans og verður í vetur farið í þá vinnu að uppfæra og bæta starfsmanna handbókina og stefnt á að það klárast vorið 2025.

Tölvur og annar tækni búnaður verður alltaf meira og meira áberandi en við á Laufási höfum við að nýta okkur með öðru sem vel virkar tæknina og er aðeins unnið í lpad í leikskólanum í leikjum sem hægt er að læra í gegnum eins og t.d. notum við forritið *Orðagull* og leiki eins og *Georg og stafirnir* og forritið *Osmo*.

Í nokkur ár höfum við Laufási verið að máta okkur við og ljúka innleiðingu á efni vináttu verkefnis Barnaheilla gegn einelti. Tveir starfsmenn leikskólans hafa nú lokið námskeið í vinnáttu á vegum barnaheilla, annar fyrir eldri leikskóla börn en hinn fyrir yngri.

(<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta>).

Brúum bilið - Samstarf Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri

Í lögum og aðalnámskrá leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Tilgangurinn er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla yfir í grunnskóla og að sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verði grunnur fyrir námið í grunnskólanum. Til að koma á gagnvirku samstarfi á milli Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri er unnið eftir skipulagi sem nefnist *Brúum bilið*.

Markmið samstarfsins er:

- Að efla tengslin milli skólastiganna.
- Að skapa samfellu í námi og kennslu .
- Að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga.
- Að auka gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á námi barna og starfsaðferðum hvors skóla.
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiganna.

Til að ná áður nefndum markmiðum vinna skólarnir tveir eftir áætlun sem endurskoðuð er í byrjun hvers skólaárs sem felur í sér samvinnu skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla. Hægt er að finna Brúum bilið á heimasíðu leikskólans (http://laufas.isafjordur.is/um_leikskolann/stefnur_skolans/skra/37/).

Dægradvöl

Dægradvöl við Grunnskólann á Þingeyri er starfrækt í Heilsuleikskólanum Laufási og er einkum ætluð nemendum 1. og 2. bekkjar, en við sérstakar aðstæður er möguleiki á að eldri nemendur fái vistun. Skólarnir gera með sér samning á hverjum vetri um liðveislu starfsmanna dægradvalar hvað varðar heimanám grunnskólanemenda. Samningurinn byggir á sameiginlegri ákvörðun skólanna og forráðamanna.

Starfsmannstefna

Í heilsuleikskóla sinnir allt starfsfólkið námi barnanna og mikilvægt að nýta sér þann mannauð sem leikskólasamfélagið býður upp á hverju sinni.

Leiðarljós starfsmannastefnu Laufáss er *Virðing - Samstaða – Gleði*. Markmið starfsmannastefnunnar er að á Laufási ríki gleði, góður mórall og gagnkvæm virðing. Samstaða og samheldni sé til staðar í vel menntuðum starfsmannahópi sem hvetur og styður við bakið hvert á öðru. Nokkrar leiðir hafa verið settar fram sem eru nánar útfærðar á plakati sem er í kaffistofu starfsfólks til að ná fyrirnefndum markmiðum og með gerð starfsmanna sáttmála. Vinna er núna í haust að fara í að endurskoða starfsmannasáttamálann og athuga hvort hann þarfnist uppfærslu. Skrifa svo undir nýjan sáttmála. Leiðirnar byggja á hvatningu, gagnkvæmri virðingu, góðum mórall, gleði, samheldni, stuðningi og menntun.

Markmið starfsmannastefnunnar er að:

- Búa starfsfólki öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í starfi með hlýju, virðingu og samkennd að leiðarljósi.

- Að halda áfram á sömu braut og leggja mikla áherslu á starfsmanninn og hans líðan.
- Að vinna eftir nýrri starfsmannastefnu skólans.

Leiðir að markmiðum:

- Nýta mannauðinn
- Bera virðingu fyrir hvert öðru
- Vinna saman
- Gleðjast og vera til staðar
- Sýna stuðning
- Jákvæð samskipti

Endur og símenntunaráætlun

Markmið endur- og símenntunar á Laufási:

- Að símenntun taki mið af þörfum alls starfsfólks.
- Að símenntun verði alltaf í samræmi við stefnu skólans og áherslupætti hverju sinni.
- Að efla þekkingu, hæfni, og starfsánægju starfsmannsins, að starfsmaður finni að hann þróist í starfi, öðlist öryggi og fái viðurkenningu fyrir starf sitt.
- Að auka þekkingu og færni starfsmanna til að takast á við fjölbreytileika.
- Að efla og þróa skólaverkefnið *Stillum saman strengi*.

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitarfélagsins. Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunaráætlanir fyrir allar stofnanir/starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

Sameiginlegur starfsdagur Ísafjarðarbæjar hefur verið annað hvert ár og þar er tíminn nýttur í að reyna að auka starfsanda þvert á stofnanir bæjarins.

Sameiginlegur námskeiðdagur leikskóla Ísafjarðarbæjar er nýttur til að bjóða starfsfólki upp á fræðslu sem nýtist til að byggja við starfsemina eða til að öðlast nýja þekkingu eða færni.

Á Laufási er starfsfólk hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína og starfsdagar og starfsfundir eru nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).

Eftirfarandi símenntunar óskir starfsmanna um símenntun

- Fræðsla tengd börnum með þroskafrávik.
- Blær- barnaheill vinnáttuverkefni..
- Íslensku námskeið.
- Tras námskeið .
- HLJÓM-2 námskeið.
- PECS námskeið grunn og framhalds.
- Tákn með tali námskeið.
- Námskeið í hugmyndafræði TEACCH.
- Hvernig getum við stutt sem best við málþroska tví/fjöltýngdra barna.

Mat á leikskólanum

Innra mat

Heilsubók barnsins er helsta matstækið á Laufási. Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; Daglegar venjur, leikur og samskipti, málþroski, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni). Skráð er í bókina tvisvar á ári, haust og vor. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroska framvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Foreldrum kynntar niðurstöður í foreldraviðtölum. Núna er heilsubókin kominn á rafrænt form sem gerir allar skráningar auðveldari. Samþykki frá foreldrum fyrir skráningum hennar á rafrænu formi liggja fyrir.

HLJÓM-2 próf eru tekin á hverju hausti hjá elsta árgangi leikskólans.

MÍÓ-Stærðfræðiskimun sem farið er yfir með börnum frá 2-5 ára.

Tras- Skimun sem felst í því að fylgjast með og skrá málþroska á 6 mánaða fresti frá 2 ára til 5 ára aldurs.

Tove Krogh sem er teiknikönnun með elstu börnunum (5 ára) er gerð að hausti.

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Barn og kennari eiga rólega stund og skoða saman myndabók. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er statt í málþroskaferlinu. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. Með því að finna börn með málörðugleika er hægt að bæta úr með snemmtækri íhlutun.

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í nóvember og mars.

Ytra mat

Starfsmannamat er unnið annað hvert ár af mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar og svo hitt árið af Skólapúlsinum.

Foreldrakönnun leikskóla er framkvæmd á hverju ári. Send er út rafræn könnun sem varða þætti sem líta að innra starfi leiksólans.

Sjálfsmatsskýrsla - Umbótaráætlun samkvæmt innra og ytra mati

Foreldrakönnun fyrir skólaárið 2023-2024.

Annað hvert ár hefur venjan verið að fá foreldra og starfsfólk til að meta skólastarfið með könnun Skólapúlsins en að þessu sinn var ákveðið að gera það ekki vegna þess hve börnin eru fá og þá er erfiðara að fá marktækar niðurstöður og auðveldara að rekja svör.

Umræður minni skólanna í bæjarfélaginu hafa farið fram og spurning hvort að við verðum að finna aðrar leiðir við mat. Búið er að ákveða að annað hvert ár verði foreldrakönnun og hitt árið starfsmannakönnun.

Markmið

Foreldrakönnun leikskóla hefur verið framkvæmd af Skólapúlsinum ár hvert og hefur að geyma 16 matsþætti og hver matsþáttur inniheldur nokkrar spurningar. Matsþættirnir eru:

1. Vinnubrögð í leikskólanum
2. Samstarf við starfsfólk deildar
3. Samskipti og upplýsingamiðlun
4. Aðstaða til leiks og náms
5. Upphaf dvalar og flutningur milli deilda
6. Tækifæri til náms
7. Málörvun
8. Starf í takt við aðalnámskrá
9. Félagsfærni barna
10. Vellíðan barna
11. Útivist og umhverfisvitund
12. Mataræði og matarmenning
13. Tengsl leik- og grunnskóla
14. Samskipti barna utan leikskólans
15. Sérkennsla og stuðningur
16. Sérfræðipjónusta

Tilgangur matsins, aðferð og framkvæmd

Tilgangur könnunarinnar er að kanna mat foreldra á innra starfi leikskólans og nota niðurstöður til að fylgjast með og bæta innra starf leikskólans.

Foreldrum er sendur spurningarlistinn í tölvupósti en hann samanstendur af þeim 16. þáttum sem nefndir eru hér fyrir ofan en undir hverjum þætti eru undirspurningar varðandi hverja spurningu.

Niðurstöður

Foreldrakönnun var ekki gerð á skólaárinu 2023-2024, vegna fárra barna. Ákvörðun um það var tekin af skólasviði Ísafjarðarbæjar.

Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar skólaárið 2024-2025

Liggja ekki fyrir.

Ecers matslistinn

Ecers matslistinn er ætlað að meta starfsemi leikskólans í heild sinni. Hún var ekki lögð fram á síðasta skólaári en við stefnunum á að leggja hann fyrir eftir áramót þegar að leikskólastjóri er búin að kynna sér hann og kynna hann fyrir starfsmönnum.

Gátlisti heilsustefnunar

Gátlistinn er lagður fyrir starfsfólk leikskólans til að meta starfið á leikskólanum annað hvert ár. Það er mikilvægur liður í því að meta starfið að fá starfsfólkið til að setjast niður saman, ígrunda og meta starfið. Listinn var lagður fyrir starfsfólkið vorið 2024 og kom leikskólinn í flestum þáttum nokkuð vel út en sumu er ábótavant og mun leikskólastjóri vinna umbóta áætlun haustið 2024.

Áætlanir

Eineltisáætlun

Markmið eineltisáætlunar leikskólans Laufáss er að skapa starfsmönnum öruggt og gott starfsumhverfi. Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi. Einnig er farið eftir áætlun um varnir og viðbrögð gegn einelti í leikskólum Ísafjarðarbæjar er þar segir að einelti sé ekki liðið í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekin neikvæð hegðun eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi eða hópi sem á erfitt með að verja sig. Ekki er um að ræða einangraðan atburð, heldur samfelld ferli atburða sem nær yfir tiltekið tímabil. Þolandinn upplifir kerfisbundna

hegðun af hálfu gerenda sem er til þess fallin að niðurlægja, móðga, gera lítið úr, særa, mismuna eða ógna þolandanum.

Vinnureglur ef upp kemur einelti

Vinnuveitanda ber að tryggja starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi og er félagslegt umhverfi hvergi undanskilið. Bregðist vinnuveitandi ekki við með tilhlýðlegum hætti getur starfsmaður sem verður fyrir einelti átt bótarétt gagnvart vinnuveitanda sínum og gerandanum.

Starfsmaður sem verður fyrir einelti, eða starfsmaður sem verður vitni að einelti, skal snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið þar sem erfiðara getur reynst að leysa málið eftir því sem lengri tími líður frá því að áreitni hófst. Starfsmaður á einnig kost á því að snúa sér til trúnaðarmanns á vinnustaðnum og það er gjarnan eina leiðin ef gerandi er yfirmaður þolandans.

Þegar yfirmaður fær vitneskju um einelti á vinnustað ber honum að bregðast við á faglegan hátt og leggja áherslu á að leysa málið hið fyrsta. Mikilvægt er gefa sér góðan tíma til að ræða málið við þolandann og skrá niður helstu atriði. Í framhaldi af því er þörf þolandans fyrir stuðning metin og séð til þess að sá stuðningur sé veittur í þeim mæli sem þörf er á. Mælst er frá því að gerandi og þolandi ræði saman um málið án þess að sérfræðingur sé viðstaddur. Slíkt getur gert illt verra og ætti yfirmaður aldrei að bjóða upp á slíkt úrræði.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Skýrar starfsreglur og vel afmörkuð ábyrgðarsvið eru mikilvægur liður í því að fyrirbyggja einelti á vinnustað. Allir starfsmenn vinnustaðar bera sameiginlega ábyrgð um að móta jákvætt starfsumhverfi og góðan vinnuanda, sýna hverjum öðrum stuðning og samstöðu.

Kynning og endurskoðun

Farið verður yfir eineltisáætlunina og hún endurskoðuð árlega. Eineltisáætlun Laufáss er kynnt fyrir öllum starfsmönnum leikskólans. Yfirmenn munu kynna nýjum starfsmönnum efni hennar við ráðningu.

Forvarnaráætlun

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþrótta og tómstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt lífverni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis. Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Bjóða þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldishlutverkinu. Foreldrar eru

og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gerum öll gagn í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

Sett hafa verið fimm meginmarkmið forvarna í Ísafjarðarbæ sem verða endurskoðuð á tveggja ára fresti. Sveitarfélagið setur svo mælanleg starfsmarkmið fyrir hvert ár og verða þau endurskoðuð árlega. Þar mun koma fram hver ber ábyrgð og hvernig árangur skuli mældur. Í febrúar ár hvert skal félagsmálanefnd staðfesta starfsmarkmið komandi árs og fá niðurstöður mælinga fyrra árs um hvernig til tókst með starfsmarkmið þess.

Markmið forvarnar áætlunar

- Tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus æska í Ísafjarðarbæ.
- Gott andlegt og líkamlegt heilsufar íbúa.
- Bæta sjálfsmynd
- Bæta heilsufar
- Stuðla að kynheilbrigði
- Fræðsla fyrir alla aldurshópa um forvarnir.
- Efla fræðslu um vímuvarnir
- Efla foreldrafræðslu
- Efla fræðslu til starfsmanna sem vinna með börnum og ungmennum
- Efla fræðslu um bætta líðan og aukið heilbrigði
- Efla fræðslu um umhverfismál
- Efla kynfræðslu
- Viðhalda fjölbreyttum tómstundaúrræðum fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- Með áherslu á börn og ungmenni
- Auka samvinnu meðal íbúa og stofnana sveitarfélagsins.
- Kynna vel lög um útivistartíma

Jafnréttisáætlun

Skólakerfið, tómstundir og íþróttastarf

Við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi skal samþætting kynjasjónarmiða höfð að leiðarljósi með vísan til 23. gr. í jafnréttislögum. Ekki skal á nokkurn hátt mismuna börnum og ungmennum eftir kyni þegar kemur að menntun og íþrótta- og tómstundastarfi.

Leik- og grunnskólar

Í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Allir vinnustaðir Ísafjarðarbæjar með 25 starfsmenn eða fleiri, hlutafélög og fyrirtæki sem bærinn er aðaleigandi að og félög sem hafa fasta styrktar samninga við hann skulu gera aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir í samræmi við 18. gr. jafnréttislaga.

Samkvæmt 18. grein jafnréttislaga skal atvinnurekandi vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði m.t.t. starfsþjálfunar og endurmenntunar, samræmingar starfs og fjölskyldulífs og launajafnréttis. Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni.

Ísafjarðarbær sem atvinnurekandi, skal vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, stuðla að því að störf hjá bænum flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf og leggja áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Rýmingar áætlun

Rýmingar áætlun skólans hangir upp á vegg víðsvegar í leikskólanum og er starfsfólk hvatt til að kynna sér áætlunina. Rýmingar áætlun má sjá í fylgiskjali 1.

Viðbrögð við eldsvoða

- Ef eldur brýst út þá skal nær staddur strax reyna að ráða niðurlögum hans með brunavarnarbúnaði skólans.
- Tilkynna skal strax og mögulegt er, ef elds verður vart þó um lítinn eld sé að ræða.
- Þurfi að fara út í gegnum hita og reyk, ber að fara með gólfum, þ.e. skríða.
- Sum börn forðast hættuástand með því að fela sig. Þess vegna þarf að leita gaumgæfulega að þeim, á öllum hugsanlegum stöðum.

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er unnin af leikskólastjóra í samráði við starfsfólk og utan að komandi aðila þegar skipuleggja þarf áfallahjálp barna og starfsfólks Laufáss að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð við áföllum eru ákveðin.

Nokkur dæmi um atvik sem valda áfalli

- Dauðsföll
- Langvarandi og alvarleg veikindi

- Slys og afleiðingar þeirra
- Félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. skilnaður, flutningar, vímuefni, atvinnuleysi, ofbeldi og misnotkun.

Viðbrögð við áföllum

- Leikskólastjóri leitar staðfestingar á andláti, slysi, veikindum eða öðrum ástæðum.
- Áfallaráð kallað saman þegar það á við.
- Starfsmönnum, foreldrum og börnum sagt frá atburðinum.
- Leikskólastjóri sér um að upplýsingar berist til heimila.
- Hlúð er að börnum og starfsfólki leikskólans eftir atvikum.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess eða starfsmanni og fjölskyldu hans er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra eða staðgengils hans. Leikskólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallaráð ef þurfa þykir og skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum.

Helstu aðgerðir áfallaráðs við áföllum

- Að leita til prests, sálfræðings eða annarra sérfræðinga og stuðningsaðila sem þurfa að koma inn í leikskólann til aðstoðar.
- Meta þarf á hvaða hátt skuli brugðist við með því að safna upplýsingum sem fengnar voru frá fyrstu eða ábyggilegum leiðum.
- Miðla upplýsingum, útdeila verkefnum og halda utan um þá vinnu.

Leikskólastjóri er alltaf eini tengiliðurinn við fjölmiðla eða aðila utan skólans ef þeir leita eftir upplýsingum um áföll sem varða börn, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk.

Að öðru leyti er stuðst við áfallaáætlun leikskóla Ísafjarðarbæjar.

Áætlun um hvað skuli gera ef slys í leikskólanum

- Beitið fyrstu hjálp og látið hringja á sjúkrabíl ef um alvarlegt slys er að ræða.
- Yfirgefið ekki þann slasaða, sendið heldur eftir aðstoð.
- Reynið að hlúa að hinum slasaða eftir því sem hægt er.
- Verið yfirveguð og bregðast fumlaut og örugglega við aðstæðum.
- Ef farið er með barn til læknis ber að hringja í foreldra/forráðamann og látið vita.
- Ísafjarðabær greiðir fyrir fyrstu heimsóknina.

Slysaskráning

Í barnahópnum geta alltaf orðið óhöpp eða slys og ef það kemur fyrir er strax haft samband við foreldra. Ef fara þarf með barn á slysadeild ber leikskólanum að tilkynna slysið til lögreglu og gefa skýrslu. Sérstök eyðublöð eru til sem fylla á út þegar um slys er að ræða. Sá starfsmaður sem kann að verða vitni að slysinu fyllir út eyðublaðið sem síðan er varðveitt í persónumöppu hvers barns. Starfsmaður sem verður vitni af slysinu og forráðamaður viðkomandi barns kvitta undir á þessi eyðublöð eftir að þau eru útfyllt. Foreldrar eru látnir vita, þegar barnið þeirra slasast í leikskólanum og að slysið hafið verið skráð.

Móttökuáætlun nýrra barna - Aðlögun

Aðlögun er sá tími sem nýtt barn kynnist starfsfólki, öðrum börnum og húsakynnum leikskólans. Aðlögun er ekki einungis fyrir börnin heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk til þess að kynnast. Með góðum aðlögunartíma aukast því tengslin milli foreldra og starfsfólks og þá gengur hið sameiginlega uppeldisstarf betur. Aðlögun er höfð í stuttan tíma fyrsta daginn og aðeins lengd frá degi til dags, til að börnin fái að kynnast fólki og umhverfi smátt og smátt. Það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir þreytu og óþarfi er að þau meðtaki of mikið í einu. Gert er ráð fyrir 5-6 dögum í aðlögun en hún getur tekið lengri tíma þar sem hún tekur mið af þörfum hvers barns fyrir sig. Einnig er æskilegt að aðlaga börnin eftir að hafa verið lengi í burtu. Reynt er að láta sama starfsmanninn fylgja barninu eftir allan aðlögunartímann. Þessir dagar eru mikilvægir fyrir börnin, til að stuðla að vellíðan þeirra til framtíðar í leikskólanum.

Til viðmiðunar eru gefnir upp eftirfarandi tímar fyrir aðlögun:

Dagur 1: Foreldrar og barn koma kl. 9:00-10:00 og skoða leikskólann vel inni og úti.

Dagur 2: Foreldrar og barn koma kl. 9:00-10:30. Barnið kynnist öðrum börnum í leik.

Dagur 3: Foreldrar og barn koma kl. 9:00– 11:00, foreldrar eru stutta stund með barninu og fara síðan í burtu ef barnið samþykkir

Dagur 4: Foreldrar og barn koma kl. 8:45– 11:30, barnið er skilið eftir ef allt gengur að óskum.

Dagur 5: Foreldrar og aðlögunaraðili meta hvernig hefur gengið og ákveða hvort ástæða sé til að hafa framhald ef þörf þykir, annars er aðlögun lokið. Barn fer heim aðeins fyrir en vistunartími segir til um þennan dag.

Þetta plan miðast við að barn sé með fulla vistun, en miðað við núverandi reglur hjá

Ísafjarðarbæ þá eru börn frá 12 til 16 mánaða ekki með lengri vistun en 8-15:00. Sé barn í styttri vistun t.d. þá miðast aðlögunarplanið við þann tíma.

Móttökuáætlun nýrra starfsmanna

Fyrstu kynni af nýjum vinnustað geta mótað viðhorf nýrra starfsmanna til lengri tíma og haft áhrif á starfsánægju og starfsframlag. Mikið álag fylgir því að hefja störf á nýjum vinnustað og ætti ávallt að reyna að draga úr því álagi. Með markvissri nýliðafræðslu er hægt að stytta þann tíma sem tekur starfsmaður að ná fullum tökum á starfinu, skapa jákvæð tengsl við vinnustaðinn og draga úr líkum á að starfsmaður hverfi til annarra starfa. Fyrstu kynni af nýjum vinnustað skipta verulegu máli fyrir bæði nýjan starfsmann og leikskólann. Mikilvægt er að reyndur starfsmaður veiti hinum óreynda leiðsögn í ákveðinn tíma og komi honum vel inn í starfið. Nýr starfsmaður ber ábyrgð á að afla sér upplýsinga, spyrja og leita sér aðstoðar.

Móttökuferli

- Leikskólastjóri tekur viðtal við nýjan starfsmann.
- Starfsmaður fær afhenta starfsmannahandbók sem honum ber að kynna sér.
- Leikskólastjóri sýnir starfsmanni leikskólann og kynnir hann fyrir starfsfólki og börnum skólans.
- Leikskólastjóri kynnir starfsmann fyrir deildarstjóra sínum eða starfsfólki sínu eftir því sem við á.
- Deildarstjóri/starfsmaður tekur við og upplýsir starfsmanninn um starfsemi deildarinnar.
- Starfsmaður notar fyrstu vikuna til þess að kynna sér starfsemi leikskólans betur og leggur sig fram við að kynnast börnum, foreldrum og starfsfólki.
- Eftir mánuð metur leikskólastjóri hvernig til hefur tekist og tekur ákvörðun um frekari ráðningu.

Fylgiskjal 1

STARFSHEITI	ELDUR !	ÞEGAR KOMIÐ ER ÚT Á LÓÐ /Á HÓLINN
Leikskólastjóri	Tilkynnir um eld (112) og metur aðstæður, hvort hægt sé að slökkva eldinn með búnaði skólans. Leikskólastjóri stjórnar rýmingu.	<u>NEYÐARNÚMER</u> <u>112</u>
Deildarstjóri/ hópstjóri	Sækir kladdann og fer með sinn barnahóp út um næsta neyðarútgang. Allir fara að hólnum.	Athugar hvort allir séu komnir út. Lætur leikskólastjóra vita ef einhvern vantar. Börnin setjast út á hóllinn. Merkir við börnin í kladdanum.
Kennarar/ leiðbeinendur	Fara með sinn barnahóp út um næsta neyðarútgang. Allir fara að hólnum.	Börnin setjast út á hóllinn. Bíður annarra fyrirmæla.
Matráður	Boðberi. Mætir á skrifstofu leikskólastjóra	Bíður annarra fyrirmæla